

Dagný Hauksdóttir

Frá: Hólmfríður Sigurðardóttir <holmfridursig@gmail.com>
Sent: mánudagur, 13. júlí 2026 12:32
Til: Dagný Hauksdóttir; Brynjar Ólafsson
Efni: Fwd: Samþykki forsætisráðuneytisins fyrir stækkun á þýrlupalli í Surtsey

Þú færð ekki oft tölvupóst frá holmfridursig@gmail.com. [Kynntu þér hvers vegna þetta er mikilvægt](#)

Sæl Dagný,

Surtseyjarfélagið óskaði eftir samþykki forsætisráðuneytisins vegna stækkunar þýrlupallsins í Surtsey en í leyfi Náttúruverndarstofnunar frá 8. júlí sl. benti stofnunin á að leyfi forsætisráðuneytisins gæti þurft vegna verkefnisins. Í morgun barst samþykki ráðuneytisins með fyrirvara um að öll tilskilin leyfi t.a.m. framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar liggi fyrir við upphaf framkvæmda. Sjá nánar að neðan. Vildi láta þig vita strax ef það aðstoðar ykkur við afgreiðslu málsins.

Kær kveðja,
Hólmfríður, formaður Surtseyjarfélagsins

----- Forwarded message -----

Frá: **Regína Sigurðardóttir** <regina.sigurdardottir@for.is>
Date: mán., 13. júl. 2026 kl. 10:00
Subject: Samþykki forsætisráðuneytisins fyrir stækkun á þýrlupalli í Surtsey
To: Hólmfríður Sigurðardóttir <holmfridursig@gmail.com>

Góðan dag.

Forsætisráðuneytið vísar til erindis Surtseyjarfélagsins frá 9. júlí sl., þar sem óskað er samþykkis fyrir stækkun á núverandi þýrlupalli í Surtsey.

Surtseyjarfélagið óskar eftir samþykki ráðuneytisins fyrir stækkun á þýrlupallinum í Surtsey úr um 6x6m (36 fermetrar) í um 10x10 m (100 fermetrar). Um er að ræða 32 Weland heitgalvanseraðar ristar (2000x1000 mm og um 120 kg) ásamt festingum. Ristarnar verða lagðar ofan á burðargrind sem smíðuð verður úr gagnvörðu timbri og stáli umhverfis núverandi þýrlupall sem er úr forsteyptum einingum.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að tryggja að Surtseyjarfélagið geti áfram sinnt því hlutverki sem það hefur gegnt um áratuga skeið, þ.e. að efla rannsóknir, viðhalda og hafa umsjón með eignum félagsins í eygni, þar á meðal nauðsynlegri aðstöðu fyrir vísindafólk.

Áformað er að framkvæmdir við stækkun þýrlupallsins geti hafist í lok ágúst/byrjun september 2026 (eftir að öll leyfi liggja fyrir og innan þess tímaramma sem Náttúruverndarstofnun tilgreinir í leyfi sínu) og taki allt að sex daga. Nánari tímasetning fer meðal annars eftir afhendingu á efni í pallinn erlendis frá og áætlanum (þar á meðal flugáætlun) Landhelgisgæslunnar.

Í áratugi hefur Landhelgisgæslan verið afar hjálpleg við flutning vísindafólks og búnaðar til og frá Surtsey. Í eynni er þýrlupallur á vegum Surtseyjarfélagsins frá 1993, gerður úr forsteyptum einingum en hann er heldur lítill fyrir þýrlukostinn þannig að öruggt sé að lenda þar án erfiðleika. Surtseyjarfélagið hefur undanfarið ár átt í góðum samskiptum við Landhelgisgæsluna og Náttúruverndarstofnun vegna fyrirhugaðrar stækkunar þýrlupallsins í eynni.

Í viðhaldsleiðangri félagsins í Surtsey í lok maí 2025 var gerð úttekt á mögulegri stækkun þýrlupallsins og hefur Surtseyjarfélagið síðan þá unnið að hönnun og efnisvali m.a. í samstarfi við Verkís verkfræðistofu og Landhelgisgæsluna. Þessi gögn voru borin undir Landhelgisgæsluna á fundi dags. 23. júní 2026, þar sem fram kom hjá fulltrúum flugrekstrarsviðs að þeir væru sáttir við útfærslu stækkunarinnar og sæju ekki annmarka á henni. Lögðu þeir til að í kjölfar stækkunar pallsins yrði ástand hans tekið út ár hvert og útbúin viðhaldsáætlun vegna hans. Enn fremur lögðu þeir til að gerðar yrðu leiðbeiningar um burðarþol pallsins og öryggismörk sem væri unnt að setja inn í „loggbók“ Landhelgisgæslunnar. Lendingarstaður sem þessi er ekki samkvæmt ýrustu kröfum um þýrlupalla sem ætlaðir eru til farþegaflugs og flugs í atvinnuskyni og í daglegu tali kallaðir „lendingarstaður“ („SpecOps“) til sérstakra nota.

Í kjölfarið af fundinum með Landhelgisgæslunni hélt stjórn Surtseyjarfélagsins fund dags. 25. júní 2026 og var samþykkt að senda inn umsókn um leyfi svo unnt væri að hefja framkvæmdir í haust.

Núverandi þýrlupallur er staðsettur nærri Pálsbæ. Samkvæmt Aðalskipulagi Vestmannabæjar 2015-2035 er Surtsey friðlýst svæði. Eyjan er friðlýst sem friðland sbr. auglýsing nr. 50/2006, með breytingum sbr. auglýsing nr. 468/2011. Skv. friðlýsingarskilmálum er óheimilt er að fara í land í Surtsey eða kafa innan friðlandsins nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Takmörkun á aðgengi út í eyna, er fyrst og fremst til að forðast aðflutning lífvera af mannavöldum. Heimilt er að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim, eða til kvikmyndatöku og/eða ljósmyndunar vegna gerðar fræðsluefnis með sérstaka skírskotun til Surtseyjar eða rannsókna þar. Heimilar eru ferðir í Surtsey vegna viðhalds á Pálsbæ eða annarra sértækra framkvæmda í friðlandinu að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Mannvirkjagerð, jarðrask, efnistaka og aðrar breytingar á landi og hafsbotni innan friðlandsins eru óheimilar nema til komi leyfi Náttúruverndarstofnunar og sveitarstjórnar Vestmannaeyjabæjar að fenginni umsögn Surtseyjarfélagsins. Heimilt er að halda við mannvirkjum, svo sem skála Surtseyjarfélagsins (Pálsbæ) og landingaraðstöðu fyrir þýrlu í eynni eins og verið hefur og lýst er í verndaráætlun.

Náttúruverndarstofnun veitti framkvæmdaleyfi fyrir stækkun þýrlupallsins þann 8. júlí 2026. Stofnunin annast umsjón og rekstur svæðisins. Í leyfi Náttúruverndarstofnunar frá 8. júlí sl., kemur m.a. fram að „Náttúruverndarstofnun metur verkefnið ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.“ Þar segir einnig „Náttúruverndarstofnun veitir Surtseyjarfélagið fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdinni innan Surtseyjarfriðlandsins sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 1. ágúst til 30. september 2026 að uppfylltum. . . “ 18 skilyrðum sem talin eru upp í leyfinu frá þeim.

Surtsey er einnig á heimsminjaskrá UNESCO. Haustið 2005 ákváðu íslensk stjórnvöld að tilnefna Surtsey á heimsminjaskrá UNESCO. Á fundi heimsminjanefndar UNESCO í Kanada, 7. júlí 2008, var samþykkt að setja Surtsey á heimsminjalistann sem einstakan stað náttúruminja á grundvelli mikilvægi rannsókna og vöktunar á landnámi dýra og plantna ásamt þróun eyjunnar og framvindu lífríkis Surtseyjar.

Surtseyjarfélagið hefur sótt um framkvæmdaleyfi til Vestmannaeyjabæjar sem fer með skipulagsvald á svæðinu. Samkvæmt munnlegum upplýsingum frá bænum dags. 9. júlí 2026 mun sveitarfélagið veita framkvæmdaleyfi vegna stækkunarinnar fyrir næstu mánaðamót.

Surtsey er þjóðlenda skv. úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 1/2025. Um þjóðlendur gilda lög nr. 58/1998. Leyfi forsætisráðherra þarf fyrir nýtingu vatns- og jarðhitaréttinda, vindorku og fyrir hvers kyns aðgerðum og verkefnum sem miða að því að auka bindingu kolefnis eða draga úr losun kolefnis á svæði innan þjóðlendu sem skilgreint er fyrir slíka nýtingu lands í skipulagsáætlun hlutaðeigandi sveitarfélags skv. 2. mgr. 3. gr. sömu laga. Öll önnur nýting á landi og landsréttindum í þjóðlendum er háð leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar, þó þannig að sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs, þarf jafnframt samþykki forsætisráðherra. Samþykki ráðherra þarf til að nýta námur og önnur jarðefni innan þjóðlenda óháð tímalengd.

Með vísan til 3. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998, samþykkir forsætisráðuneytið stækkun á þylupalli í Surtsey. Ráðuneytið gerir kröfu um að sem minnst rask verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Samþykki ráðuneytisins er með fyrirvara um að öll tilskilin leyfi t.a.m. framkvæmdaleyfi Vestmannaeyjabæjar liggi fyrir við upphaf framkvæmda. Forsætisráðuneytið leggur ríka áherslu á að farið sé eftir einu og öllu í því sem fram kemur í leyfi Náttúruverndarstofnunar frá 8. júlí sl., enda Surtsey einstök á heimsvísu.

Virðingarfyllst, Regína Sigurðardóttir,



Regína Sigurðardóttir
sérfræðingur / Specialist

Forsætisráðuneytið / Prime Minister's Office
Skrifstofa fjármála / Department of Finance
Stjórnarráðshúsinu, 101 Reykjavík, Iceland
Sími / Tel: (+354) 545 8400

www.stjornarradid.is - www.government.is - [Fyrirvari/Disclaimer](#)

Vinsamlegast hugið að umhverfinu áður en tölvupósturinn er prentaður / Please consider the environment before printing